6b Joel Andreas Gustavsson f. 17. marz 1978.
M. Sigríðar (4a) II (1951) Carl Joel Broberg læknir í Gautaborg f. 18. jan. 1918. Börn: Ulla Kristina, Kerstin Annika og Ingela Margaretha.

5d Ulla Kristina Broberg f. í Gautaborg 10. maí 1951. M. Lars Jerker Skogsberg frá Gautaborg. Börn: Carl Mikael og Anna Ulrika.

6a Carl Mikael Skogsberg f. 14. okt. 1975.

6b Anna Ulrika Skogsberg f. 26. apríl 1979.

5e Kerstin Annika Broberg f. í Gautaborg 18. febr. 1953 d. 5. okt. 1955.

5f Ingela Margaretha Broberg f. í Gautaborg 5. sept. 1957.

4b Sveinbjörg Helga Sophusdóttir Blöndal f. á Siglufirði 8. des. 1919. Ritari á Fræðsluskrifstofu Rvíkur frá 1977. Próf frá Verzlunarskóla Íslands 1938. M. (1. júlí 1941) Birgir Kjaran hagfræðingur, alþm., formaður bankaráðs Seðlabankans o. fl. f. í Rvík 13. júní 1916 d. 12. ágúst 1976 Magnússon. Stúdent 1935, nám í hagfræði við háskólann í Kiel og München 1935–1938. B. Ec. Sc.-próf 1938 frá Kiel, framhaldsnám við London School of Economics veturinn 1939–1940, sótti námskeið við háskólann í Oxford 1940 o. fl. Skrifstofustjóri Shell hf. 1940–1946, framkvæmdastjóri Heildverzlunar Magnúsar Kjarans 1946–1971 og Bókfellsútgáfunnar 1944–1971. Kennari í hagfræði við Verzlunarskóla Íslands 1941–1948. Átti sæti í Menntamálaráði 1956–1963, formaður Náttúruverndarráðs 1960–1972, formaður Ólympíunefndar Íslands 1962–1973, í Norðurlandaráði 1970–1917. Landskjörinn alþm. 1959–63 og alþm. Rvík 1967–71 Birgir var mikill stjórnmála- og framkvæmdamaður og auk þess einn allra mesti náttúruskoðari og náttúruunnandi hér á landi og skrifaði mikið um þau efni. Hann var hvers manns hugljúfi. For. Magnús Kjaran stórkaupmaður í Rvík og framkvæmdastjóri Alþingishátíðarinnar 1930 og mikill

íþróttafrömuður f. í Vælugerði í Flóa 19. apríl 1890 d. í Rvík 17. apríl 1962 Tómasson og k. h. (25. sept. 1915) Soffía f. 23. des. 1891 d. 28. des. 1968 Franzdóttir sýslumanns f. 14. okt. 1855 d. 22. des. 1922 Siemsens. Magnús var í stjórn Félags íslenzkra stórkaupmanna, Rauða kross Íslands og sænskur vísikonsúll o. fl. Ridd. fálk. og dbr. R. Fi. Hv. Rós. I. og af S. V. I., Officier d'Academie. (Hvem II 84–85). Hann var mesti heiðursmaður og elskaður af öllum, sem kynni höfðu af honum. For. Magnúsar: Tómas f. 15. apríl 1854 d. 2. febr. 1916 Eyvindsson í Dúðu Jónssonar í Sauðtúni í Fljótshlíð Eyvindssonar s. st. og k. h. (10. okt. 1885) Sigríður f. 3. des. 1864 Pálsdóttir hreppstjóra á Selalæk f. 3. apríl 1834 d. 16. jan. 1870 Guðmundssonar. (Alþmtal 58; Íslsamt. I 80; Mbl. í ágúst 1976). Börn: Ólöf, Soffía, Soffía og Helga.

5a Ólöf Birgisdóttir Kjaran f. í Rvík 30. marz 1942. Kennari. Stúdent frá M. R. 1962, B. A.-próf í þýzku, frönsku og dönsku frá H. Í. Stundakennari við Fjölbrautaskólann í Breiðholti M. (15. desember 1962) Hilmar Martin Riis Knudsen verkfræðingur f. í Khöfn 5. okt. 1941. Stúdent frá M. R. 1960. Verkfræðingur frá Danmarks Tekniske Höjskole í Khöfn 1967. Verkfræðingur í Rvík frá 1967. For. Elimar Knudsen, danskur og k. h. Unnur Malmquist, íslenzk. Börn: Helga Sveinbjörg og Unnur.

6a Helga Sveinbjörg Hilmarsdóttir f. í Rvík 20. júní 1963.

6b Unnur Hilmarsdóttir f. í Rvík 5. ágúst 1966.

5b Soffía Birgisdóttir Kjaran f. 8. okt. 1943 d. 18. maí 1944.

5c Soffía Birgisdóttir Kjaran f. í Rvík 23. júní 1945. Frönskukennari við Fjölbrautarskólann í Breiðholti frá 1980. Stúdent frá M. R. 1965. B. A.-próf frá H. Í. 1973. Stundaði nám í frönsku við háskólana í Dijon, Caen og Tours 1973–1976. Starfaði hjá Flugfélagi Íslands hf. 1966–1973 og hjá Flugleiðum hf. 1977 og 1979. M. I (5. okt. 1968) Jens Aage Vesterlund Hansen f. í Danmörku 4. okt. 1944. Skildu 1972. M. II (4.